

599. fundur

Fimmtudaginn 10. mars 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Lögð var fram fundargerð 598, samþykkt.
2. Framhaldsumræður vegna erindis Íslenskra matvara ehf., dags. 1. febrúar 2016 um skort og/eða fyrirsjáanlegan skort á nautakjöti aðallega lundum, hrygg- og lærvöðvum. Sendur var annar tölvupóstur til framleiðenda og dreifingaraðila 4. mars til að kanna stöðu markaðarins. Farið var yfir innsend svör og ákveðið að ekki skuli opna tollkvóta að sinni þar sem framleiðendur telja að nægjanlegt magn nautakjöts sé fyrir á markaðnum næstu vikur en afla skal frekari upplýsinga seinni hluta 14 viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið.